

um breyting á lögum nr. 30 4. febr. 1952, um hámark húsaleigu o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan í samræmi við það):

- a. (5. gr.) Skyllt er bæjar- og sveitarstjórnnum í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem húsnæðisskortur er í, að láta tafarlaust fara fram rannsókn á eftirfarandi:
1. Hvaða húsnæði sé ónotað en nothæft í kaupstaðnum eða kauptúninu.
 2. Hvaða húsnæði sé leigt amerískum hermönnum eða öðrum útlendingum, sem starfa í þjónustu hersins eða við framkvæmdir vegna hans.

Skulu viðkomandi bæjar- og sveitarstjórnir á fyrsta fundi sínum eftir samþykkt laga þessara kjósa með hlutfallskosningu fimm manna nefnd til þess að framkvæma þessa rannsókn. Skal ljúka henni á eigi lengri tíma en tveim vikum eftir kosningu nefndarinnar.

- b. (6. gr.) Nú kemur í ljós, að húsnæði, hvort heldur eru íbúðir eða einstök herbergi, er ónotað eða leigt amerískum hermönnum eða öðrum útlendingum, er starfa í þjónustu hersins eða við framkvæmdir vegna hans, og er þá skylt að taka allt slíkt húsnæði tafarlaust leigunámi og láta húsaleigunefnd ráðstafa því til húsnæðislausra innanhéraðsmanna samkvæmt 4. gr. þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Neyðin í húsnæðismálum, einkum í Reykjavík og fleiri bæjum og kauptúnum við Faxaflóa, er nú orðin slík, að gripa verður til tafarlausra úrræða til þess að skjóta skjólshúsi yfir húsnæðislaus fólki. Þetta neyðarástand hefur skapast fyrir þráláta vanrækslu stjórnarvaldanna á undanförunum árum.

Sósíalistaflokkurinn hefur ár eftir ár flutt frumvörp, er leitt hefðu til mikilla úrbóta í húsnæðismálunum, ef samþykkt hefðu verið. En þessi frumvörp hafa öll verið drepin eða svæfð af stjórnarmeirihlutanum á Alþingi. Sósiálistaflokkurinn flytur á öðru þingskjali frumvarp um heildarlöggjöf til varanlegra úrbóta í þessum málum. En með þessu frv. er miðað að því að knýja fram nokkrar aðgerðir strax.

Á annað hundrað fjölskyldur hafa þegar leitað til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík vegna húsnæðisskorts, og miklu fleiri eru í algerðum vandræðum. Það þólin engi bið að hjálpa þessu fólki. Valdhafarnir — og engir aðrir — eiga sök á vandræðum þess. Núverandi stjórnarflokkar hafa afnumið húsaleigulöggjöfina, sem tryggði þó þessu fólki þak yfir höfuðið. En þeir hafa svo samtímis bannað mönnum með lögum og lánsfjorbanni að byggja yfir sig, með þeim afleiðingum, að frá 1946 hefur í sífellu fækkað þeim íbúðum í Reykjavík, er fullgerðar hafa verið árlega (úr 634 árið 1946 niður í 329 árið 1952), en að sama skapi aukizt íbúafjöldinn í gömlum herbúðum (úr 1303 árið 1946 í 2400 árið 1952), svo að ekki sé talað um aðrar óhæfar íbúðir, sem fólki hefur neyðzt til að dvelja í.

Meðan þetta neyðarástand ríkir og kemur harðast niður á barnafjölskyldunum (í herbúðum í Reykjavík eru um 1000 börn), er svo nokkuð um, að íbúðum sé haldið auðum, og mikil brögð að því, að amerískir hermenn og útlendingar, sem vinna í þjónustu hersins eða við framkvæmdir á vegum hans, taka á leigu herbergi og heilar íbúðir, sem Íslendingar þurfa á að halda. Kveður svo rammt að ásókn þessara útlendinga, að þeir auglýsa eftir íbúðum og taka íbúðir á leigu, þótt bannað sé með lögum að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði. Þjóða amerískir menn mikið fé til þes að fá þannig ólöglega húsnæði á sitt vald og verður mikið ágengt, en yfirvöldin láta sem þau sjái eigi lögbrotin og jafnvel ekki grunlaust, að embættismenn hins opinbera brjóti þau sjálfir.

Frumvarp þetta er flutt til þess að knýja nú þegar fram, að lögin séu látin koma í gildi tafarlaust, a. m. k. hvað snertir það húsnæði, sem ónotað er eða amerískir hermenn eða útlendingar, sem vinna hér á vegum hersins, nota. Þeir menn hafa sannarlega haft nægilegt frelsi, vald og fé til þess að byggja yfir sig, meðan þeir enn dvelja hér illu heilli, og þeim á ekki að þolast að reka íslensk börn út á kaldan klakann til þess að geta stundað þá þökkalegu iðju, sem flestir þeirra nota íbúðarhúsnæðið, er þeir hafa á valdi sínu, til.

Aðgerðir þær, sem hér er stungið upp á, eru aðeins til bráðabirgða og bæta aðeins úr litlum hluta þeirrar neyðar, sem stjórnarflokkarnir hafa leitt yfir þjóðina með stefnu sinni í húsnæðismálunum. Ýmsar neyðarráðstafanir geta bæjar- og sveitarstjórnir gert án lagaheimilda. En varanleg bót verður aðeins ráðin á húsnæðisvandræðunum með heildarlöggjöf, og um hana flytur Sósiálistaflokkurinn annað frumvarp á þessu þingi.